

Gunnar Gunnarsson

o.s.frv...

Við höfnina í borginni Genúa á Ítalíu er torg eitt, sem tekur við bílaumferð úr öllum áttum. Bílar streyma niður þetta torg úr hæðunum uppfrá höfninni, bruna meðfram ströndinni á mörgum tugum akreina, koma jafnvel beint niður úr loftinu eftir brú einni, sem er endinn á einni aðalbraut Norður-Ítalíu. Sveitamanni úr Reykjavík finnst umferðin um þetta gamla, ítalska torg vera geðbilun og skilur ekki, hvernig mannlífið getur skrölt áfram við svo ærandi aðstæður. Í sumar stóð ég þarna og reyndi að finna út kerfið sem umferðin streymdi eftir. Það tókst nokkurn veginn. Málið var eiginlega einfalt. Bílar komu úr sjö áttum, börðust innbyrðis fyrir rými á torginu og hófu síðan baráttu fyrir útgönguleið upp í hlíðina, þar sem borgin hangir næstum eins og til þerris, koldökk af útblæstri frá bílum og verksmiðjum. Sem ég stóð þarna, tók ég eftir fullorðnum manni sem hafði fengið þá vondu hugmynd að reyna að komast fótgangandi yfir torgið. Hann ætlaði að olnboga sér leið gegnum æðandi bílamergðina. Ætlan hans tókst vonum framar. Hann komst eftir einhverjum krákustígum milli bíla, sem streymdu kringum hann úr norðri og vestri og beint ofan úr loftinu. Maðurinn var nokkuð finn í tauinu, gat verið borgarráðsmaður á leið á fund, gjaldkeri í banka á leið heim, tilvonandi gestur á barnum á horninu, eða kannski aðstoðarforingi í Mafíunni. Mér leist vel á hann. Og sem ég stóð og fylgdist með ferðalagi hans tók hann sér nokkra hvíld á einhvers konar eyju í umferðinni, sem þó var á engan hátt afmörkuð. Hann virtist blása mæðinni stundarkorn og síðan réðist hann til atlögu við seinni helming ferðalags síns. En þá fór illa. Niður götu sem enginn hafði áður tekið eftir, æddi skyndilega biltík ein og náði að reka horn í Mafíuforingjann, þar sem hann stóð og sætti lagi. Hann tókst á loft, sveif aftur fyrir sig í stóran boga og lenti kylliflatur á bakið. Hann virtist hafa ruglast við höggið, því honum veittist erfitt að rísa á fætur. Hann gerði margar tilraunir, en valt jafnan um koll eins og vönkuð kind í kargaþýfi. Ég gerðist áhyggjufullur. Ég virtist vera svo til eini maðurinn í fólksmergðinni, sem horfði á hildarleik mannsins. Hann hafði lent aftur inni á eyjunni, eða gatinu á umferðarstraumnum, og bílarnir gátu sveigt fram hjá honum, þurftu ekki beinlínis að aka yfir hann. Bröltandi tókst honum að mjaka sér af stað og með til skelfingar sá ég, að hann var kominn iskyggilega nærri þar sem bílarnir æddu. Svo skall bílhorn á honum og hann hentist aftur um koll. Ég benti ferðafélaga mínum á það sem var að gerast.

— Einhver verður að gera eitthvað, sagði hann.

— Já, sagði ég, og svo horfðum við áfram á viðureign mannsins. Það hefði þýtt margfaldan dauðdaga að stefna úti umferðina. Enginn bílanna gat hætt á að stansa. Maðurinn veltist áfram á götunni og tilburðir hans urðu smámsaman afar veikburða. Það var öllum ljóst, að ekki var hægt að bjarga manninum nema með þyrlu eða kraftaverki. Auðvitað hefði verið hugsanlegt að grípa til samræmdra aðgerða og stöðva umferðina í öllum áttum, en til þess þurfti fjölmennt löggulið. Og hve margir myndu falla í valinn í þannig aðgerð? Vegfarendur sem tóku eftir viðureign mannsins við náttúruafl nútímans, bílana, settu í brúnir eða ypptu öxlum og héldu síðan áfram leið sinni. Og það gerðum við líka, því að við gátum ekkert gert. Kannski er Mafíuforinginn ennþá að veltast milli bílanna á torginu. Ég reikna ekki með því að fara til Ítalíu fyrr en eftir mörg ár, en þá ætla ég að líta við á torginu og athuga hvort hann verður þar enn.

Mér datt Mafíuforinginn í hug, þegar ég fletti bók sem kom út fyrir nokkru. Hún fjallar um flókið afbrotamál og hið íslenska þjóðfélag. Fólkið í þeirri bók virðist hafa lent í svipaðri ólukku og Mafíuforinginn. Til beggja handa streymir umferð lögreglu og pólitíkur, fordóma og refsingarskyldu réttarfarsins. Og vanmáttur þeirra sem fá málið í hendurnar kallar á kæruleysi. Hvað er hægt að gera, spyr maður og röltir í burtu og vonar að manninum hafi skánað, næst þegar maður á leið um.

Gunnar Gunnarsson

ATH.. — Er leyfilegt að setja kommu (,) á undan orðinu „sem" í setningu?

Kjartan Guðjónsson sýnir í Reykjavík og á Akureyri samtímis


Byggðastefna í framkvæmd

Kjartan Guðjónsson listmálari heldur um þessar mundir sýningu á 105 myndum, sem hann hefur unnið á tveimur og hálfu ári, eða frá því hann hélt síðast einkasýningu 1978. Sýningunni nú hefur hann skipt í tvennt, og sýnir 75 myndir að Kjarvalsstöðum í Reykjavík, og 30 í Galleri Háhól á Akureyri.

— Þetta er byggðastefna í framkvæmd hjá mér, — sagði Kjartan, þegar við litum inn til hans að Kjarvalsstöðum fyrir helgina.

— Þú kallar sýninguna „Sjórinn og þorpið". Viltu útskýra það heiti?

— Þetta eru tveir meginþræðir í sýningunni. Myndirnar af sjónum eru þannig til orðnar, að ég fór einn túr á togara í fyrrasumar. Þarna sérðu t.d. myndir af áhöfninni á togaranum Ársæli Sigurðssyni frá Hafnarfirði, — segir Kjartan og bendir á röð af mannamyndum.



„Þarna er áhöfnin á togaranum Ársæli Sigurðssyni" — sagði Kjartan. Ljósm. — eik—

— Um þorpið er það að segja, að þetta er eitt af fáum dæmum þess að málari sé undir áhrifum af ljóðabók. Ég myndlýsti nefnilega Þorpið eftir Jón úr Vör, og það hafði mjög sterk áhrif á mig. Ég þekki svona þorp, þótt ekki sé ég beinlínis fæddur þar og uppalinn. En ég dvaldist mikið á Þingeyri við Dýrafjörð þegar ég var strákur, milli stríða.

— Er ekki þessi sýning talsvert frábrugðin fyrri sýningum þínum?

— Jú, það er hún. Ég málaði afstrakt í 35 ár, en er nú hættur því, einsog þú sérð. Þetta er ný lína hjá mér.

— Geturðu nefnt einhverja ástæðu fyrir þessari breytingu?

—Ja — ég er nú eiginlega kominn á þann aldur þegar menn fara að skrifa endurminningar sínar. Ég hef tekið þann kostinn að mála þær.

Sýningin að Kjarvalsstöðum verður opin til 16. nóvember, kl. 2-10 daglega.

—ih

OPIÐ
alla laugardaga kl. 10-18
Athugið
Allir sölubílar inni


BÍLASALA GUÐFINNS
Ármúla 7 · Sími 81588